

## Fyrirspurn

til samgönguráðherra um vegagerð og umferð norður Strandir í Árneshrepp.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hver er áætlun um framkvæmdir og verklok á vel uppbyggðum vegi með bundnu slitlagi norður Strandir frá Brú að Hólmavík?
2. Hversu mikil umferð er um veginn norður Strandir úr Kaldraneshreppi í Árneshrepp og hvernig hefur hún þróast sl. tíu ár, sundurliðað eftir mánuðum?
3. Hver er verkáætlun um uppbyggingu vegarins um Kaldraneshrepp og Árneshrepp og hvenær verður uppbyggingu góðs malarvegar norður í Árneshrepp lokið?